

Smábátatrygging

Skilmáli nr. M-12

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörður tryggingar hf.

Um váttrygginguna gilda váttryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga frammar ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. kafli Bótasvið

1. gr. Munir sem váttryggingin nær til – hver er váttryggður

- 1.1 Váttryggingin tekur til báts þess, sem tilgreindur er í skírteininu, fylgifjár hans, vista og birgða, sem eðlilegar mega teljast. Til báts og fylgifjár teljast vélar bátsins, gangskrúfa og aðrar skrúfur, ásamt öxlum og girum, vindum, rafkerfi, fiskleitartæki, dýptarmælir, ratsjá, leiðsögutæki, loftskeyta- og kalltæki, ásamt nauðsynlegum búnaði og varahlutum, enda séu þessir munir um borð í bátnum.
- 1.2 Undir váttrygginguna falla ekki fiskkassar, afli og veiðarfæri, þ.á.m. varpa ásamt hlerum og vírum, nætur, nemar og sendar festir við veiðarfæri, net, línur, færi, belgir, baujur og bólfæri, undanþága þessi nær einnig til farangurs skipverja.
- 1.3 Váttryggður er eigandi báts sem tiltekin er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. gr. Landfræðilegt gildissvið-breytingar á notkun báts

- 2.1 Félagið er laust úr ábyrgð ef skipið fer út fyrir fiskveiðilandhelgi Íslands. Ábyrgðin hefst að nýju þegar skipið kemur inn fyrir fiskveiðilandhelgina á ný.
- 2.2 Þessi váttrygging tekur ekki til báts sem er leigður, hvort sem um er að ræða tímabundin leigusamning eða leigusamning til tiltekkinnar ferðar, nema slíkt sé samþykkt af félaginu og áritað á skírteini.
- 2.3 Þessi váttrygging tekur ekki til báts sem er notaður til farþega eða farmflutninga nema slíkt sé samþykkt af félaginu og áritað á skírteini.

3. gr. Almenn bótasvið

- 3.1 Félagið bætir tjón á bátnum sem stafar á beinan hátt af;
 - 3.1.1 bruna, sprengingu eða eldingu;
 - 3.1.2 árekstri á grunn, strand eða að báturinn sekkur;
 - 3.1.3 óveðri, snjóflóði og aurskriðum. Með óveðri er átt við að vindhraði nái 11 vindstigum (28,5 m/sek) í a.m.k. 10 mínútur samfellt skv. mælingu Veðurstofu Íslands og séu veðurmælingar ekki fyrir hendi, er óveðurstjón verður, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónsstað,
 - 3.1.4 völdum brotsjós, ef ólag ríður á bátinn með þeim afleiðingum að báturinn eða hlutar hans brotna;
 - 3.1.5 ásiglingu á fastan hlut eða fljótandi, þ.m.t. ís, rekald eða árekstur við annað fljótandi far, svo fremi sem annað farið sé undir siglingastjórn;
 - 3.1.6 báturinn losnar frá eða sekkur við höfn eða bauju sem viðurkennd er sem viðlegufæri;
 - 3.1.7 innbroti, innbrotsþjófnaði eða skemmdarverkum;
 - 3.1.8 boltjóni á bátum úr trefjagleri eða plastefnum þannig að greiddur er viðgerðarkostnaður samkvæmt viðurkenndum aðferðum og teljast það fullnaðarbætur, þó um útlitsgalla verði að ræða;
 - 3.1.9 skyndilegri og óvæntri óhappatilviljun við sjósetningu eða upptöku, svo og í flutningi að og frá geymslustað innan sama lögsagnarumdæmis;
 - 3.1.10 þátttöku í sameiginlegu sjótjóni, skv. 6. kafla Siglingalaga nr. 34/1985.
- 3.2 Váttryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á váttryggingartaka vegna tjóns sem báturinn veldur með árekstri og tjóns sem verður á annan hátt vegna mistaka við stjórnun hans, enda sé tjónið bein afleiðing skemmda á munum eða líkamsmeiðsla.
- 3.3 Váttryggingin bætir kostnað við að fjarlægja flak hins váttryggða báts.
- 3.4 Hámark bóta, skv. greinum 3.2 og 3.3, er það hámark sem kveðið er á um í 1.-3. mgr. 177. gr. Siglingalaga nr. 34/1985.
- 3.5 Nú rekst váttryggt skip á annað skip, er bjargað eða fær aðstoð annars skips og er félagið þá greiðsluskylt, þótt það skip sé eign váttryggðs eða bæði skipin lúti sömu útgerðarstjórn. Þegar svo stendur á, skulu váttryggður og félagið fela einum gerðarmanni að ákveða um sök, björgunarlaun eða þóknun fyrir aðstoð. Ef aðilar koma sér ekki saman um gerðarmann, skal þess óskað að dómstjórnin í Reykjavík tilnefni hann. Gerðinni verður ekki skotið til dómstóla.

4. gr. Undanþágur frá bótaskyldu

- 4.1 Váttrygging þessi bætir ekki eftirtalin tjón:
 - 4.1.1 Skaðabótakröfu frá starfsmönnum eiganda eða útgerðarmanns. Sama gildir um skaðabótakröfu frá eigendum afla eða annars, sem báturinn flytur.
 - 4.1.2 Tjón á vél, drifbúnaði, rafkerfi, staðsetningartækjum, fjarskiptatækjum, radar, fiskileitartækjum, línuvindum og öðrum sambærilegum búnaði nema að tjónið megi rekja beint til atvika sem bótaskyld eru skv. gr. 3.1.
 - 4.1.3 Tjón á möstrum, seglum eða reiða við skipulagða siglingakeppni.
 - 4.1.4 Skemmdir af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum. Sama gildir um tjón, sem rakið verður til hönnunargalla og/eða breytinga, sem gera þarf á bátnum vegna hönnunargalla.
 - 4.1.5 Skemmdir á þeim hlutum bátsins, sem efnisgalli, smíðisgalli eða viðgerðargalli er á.
 - 4.1.6 Tjón er stafar af því að skipið var óhaffært, er það lét síðast úr höfn, ófullnægjandi útbúið eða mannað, hafði eigi nauðsynleg skipsskjöl eða var eigi tryggilega hlaðið.

- 4.1.7 Óbeint tjón váttryggðs, svo sem aflatjón og kostnaður váttryggðs af töfum. Sama á við um kostnað vegna mannahalds, hafnargjalda og eldsneytisnotkunar meðan á viðgerð stendur.
- 4.1.8 Tjón af völdum samsláttar við hafnarmannvirki, annað skip eða báta nema að um sé að ræða áreksur undir vélarafli.
- 4.1.9 Tjón á tölvugögnum.

5. gr. Váttryggingarfjárhæð – ákvörðun bóta

- 5.1 Váttryggingarfjárhæð er tiltekin á skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 5.2 Tjónsbætur samkvæmt þessari váttryggingu miðast við markaðsverðmæti á sambærilegum bát eða hlutum og þeim sem skemmst hafa eða eyðilagst. Miðað er við að fjárhags- eða eignastaða váttryggðs sé hin sama fyrir tjón og eftir.
- 5.3 Skemmist báturinn án þess að altjón séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera við bátinn, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og hann var fyrir tjónið. Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Náist ekki samkomulag um áætlaðan viðgerðarkostnað skulu dómkvaddir menn meta hann. Lækkun á markaðsverði bátsins, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnaður vegna sérpantana á varahlutum bætist ekki. Leita skal fyrirfram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.
- 5.4 Við uppgjör tjóna á vélum, tækjum og vélbúnaði, gangskrúfum, öxlum, gírnum, raftækjum og öðrum sambærilegum búnaði skal aldrei greiða hærri bætur en sem nemur frumverði hlutarins að fádreginni fyrningu miðað við aldur hans. Fyrning er 6% fyrir hvert ár í allt að 12 ár. Annar kostnaður, svo sem vinna, flutningskostnaður eða slippkostnaður bætist ekki.
- 5.5 Engar bætur koma fyrir óviðgerðar skemmdir á bátum ef hann ferst án þess að viðgerð hafi farið fram.
- 5.6 Sé bátur metinn af Fjárhæðarnefnd fiskiskipa skal mat Fjárhæðarnefndar ákvarða váttryggingarfjárhæð nema um annað sé sérstakleg samið við töku váttryggingar.
- 5.7 Þegar félagið hefur greitt bætur fyrir algert tjón eða einstaka hluti öðlast það rétt váttryggðs til þess sem enn kann að vera til af hlutum sem það hefur bætt. Félagið á rétt á því að fá afhent öll skjöl og sönnunargögn sem varða muni þessa frá váttryggðum.

6. gr. Skilgreiningar altjóns

- 6.1 Báturinn ferst eða verður fyrir svo miklum skemmdum, að ekki er unnt að bjarga honum og gera við hann.
- 6.2 Báturinn verður fyrir svo miklum skemmdum, að kostnaður við að bjarga honum og gera við hann nemur hærri fjárhæð en váttryggingarverðinu.

7. gr. Eigin áhætta

- 7.1 Af sérhverju tjóni, ber váttryggður í eigin áhættu þá fjárhæð sem getið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Váttryggður ber þó ekki eigin áhættu verði báturinn fyrir altjóni sbr. 6. gr.

8. gr. Tjónsatvik (Sérákvæði vegna uppsáturs)

- 8.1 Váttryggingin bætir tjón á bátum í uppsátri af völdum bruna, foks, snjóflóða, aurskriðna, innbrots, skemmdarverka sbr. gr. 3.1.1, 3.1.3 og 3.1.7 og eldgosa.

9. gr. Varúðarreglur

- 9.1 **Báturinn skal fullnægja reglum Siglingamálastofnunar hverju sinni og hafa ávallt gilt haffærissskírteini þegar látið er úr höfn.**
- 9.2 **Þegar bátur er geymdur í höfn eða í lægi skal vera tryggilega frá öllum festingum gengið. Sama gildir sé bátur geymdur á landi. Váttryggður skal sjá til þess að reglulegt eftirlit sé með bátnum.**
- 9.3 **Bátum skal læst tryggilega þegar frá honum er gengið. Siglingatæki, fjarskiptatæki, handfærarúllur og annar laus búnaður skal fjarlægður úr bátum þegar hann er uppi á landi eða í höfn í lengri tíma.**
- 9.4 **Aðalvél skal vera vatnskæld og við vélina sé tengdur viðvörunarbúnaður sem gefur viðvörun vegna:**
 - a) óeðlilegs vinnuhita vélar;
 - b) falls á smurþrýsting vélar;
 - c) elds í vélarrúmi ef bátur er 8 metrar eða lengri;
 - d) vatns í vélarrúmi.
- 9.5 **Bátum skal haldið við með fullnægjandi og eðlilegum hætti og útbúinn í samræmi við notkun hans. Jafnframt skal váttryggður, eða menn sem hann ber ábyrgð á, fara eftir lögum og reglum sem settar eru til að tryggja öryggi.**
- 9.6 **Váttryggður skal sjá til þess að starfsmenn séu ekki undir áhrifum áfengis eða fíkniefna við vinnu sína.**

2. kafli. Almenn skilyrði

1. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka

Félaginu er heimilt að skoða hið váttryggða og umbúnað þess þegar félagið óskar.

2. gr. Varúðarreglur

- 2.1 **Váttryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.**

3. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi váttryggðs

- 3.1 Ef tjón verður rakið til ásetnings váttryggðs, maka hans, barna, starfsmanna eða annarra um borð, fellur bótaábyrgð félagsins niður.
- 3.2 Valdi váttryggður, maki hans, börn, starfsmenn eða aðrir um borð, tjóni af stórkostlegu gáleysi getur það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins skv. 27. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

4. gr. Vísitala- vextir af tjónskröfum

4.1 Vátryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari vátryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun þessarar vátryggingar.

5.gr. Endurgreiðsla iðgjalds- eigandaskipti

5.2 Verði eigandaskipti að hinu vátryggða fellur vátrygging þessi niður. Vátryggingin gildir þó í 14 daga fyrir hinn nýja eiganda enda hafi hann ekki keypt aðra vátryggingu.

5.3 Verði bátur fyrir altjóni, sbr. gr. 6 í 1. Kafli, endurgreiðist iðgjald ekki.

5.4 Félagið endurgreiðir iðgjald vegna uppsáturs fiskibáta sem notaðir eru í atvinnuskyni. Endurgreiðsla nemur 0,15% af ársiðgjaldi fyrir hvern dag sem báturinn er í sátri enda sé hann a.m.k. 20 samfellda daga í sátri. Inneign vegna endurgreiðslu skv. grein þessari kemur til endurgreiðslu með frádrætti á iðgjaldi fyrir næsta vátryggingartímabil við endurnýjun vátryggingarinnar. Endurgreiðsla getur mest orðið 20% af iðgjaldi.

5.5 Skilyrði endurgreiðslu skv. gr. 5.4 er að:

5.5.1 Vátryggingartímabil sé heilt ár.

5.5.2 Upplýsingum um uppsátur sé komið til félagsins innan við ári eftir að réttur til hennar stofnaðist.

5.6 Tjón sem hafa orðið á vátryggingartímabilinu skulu koma til frádráttar endurgreiðslu skv.grein 11.4.

6. gr. Réttur þriðja manns- Samsömunum

6.1 Nú eru hinn vátryggði bátur veðsettur og telst þá vátryggingin einnig vera veðhafa til hagsbóta, þó svo að veðhafi öðlist ekki meiri rétt gagnvart félaginu en eigandinn.

6.2 Sé vátrygging þessi notuð í atvinnustarfsemi getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna vátryggingartaka eða vátryggðs sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2019